

# KIRKJUGARÐARÁÐ

**22. fundur haldinn mánudaginn 13. september 2004  
kl. 11:15 í fundarsal á fjórðu hæð í Biskupsstofu.**

---

**Mætt voru:** Ragnhildur Benediktsdóttir, formaður, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri, Valtýr Valtýsson, Þórsteinn Ragnarsson og Smári Sigurðsson. Margrét Hallgrímsdóttir sat hluta fundarins. Kristín H. Sigurðardóttir sat fundinn og ritaði fundargerð.

## 1. Setning fundar

Formaður setti fund kl. 11:15.

## 2. Aðalfundur KGSÍ

Smári Sigurðsson, Þórsteinn Ragnarsson og Guðmundur Rafn Sigurðsson sögðu frá fundinum, sem haldinn var í safnaðarheimili Ísafjarðarkirkju 11. september. Mæting á fundinn var mjög góð. Þar mættu fulltrúar frá kirkjugörðum sem ekki hafa mætt áður. Þeir fengu m.a. fulltrúa löggildingastofu til að fjalla um rafmagnsmál í kirkjugörðum, m.a. vegna jólaljósa. Reyndist það nauðsynlegt, því lagnir eru víða í lamasessi.

Þeir kynntu tekjukerfið (gjaldamódelið) á fundinum. Þeir kynntu legstaðavefinn. Í ljós kom að bréfið varðandi réttindi og skyldur kirkjugarða, sem þeir höfðu sent út, hafði ekki borist öllum fulltrúum. Margir fulltrúanna höfðu ekki séð bréfið. KGSÍ var því bent á að senda það aftur. Smári benti á nauðsyn uppfræðslu á nokkura ára fresti þar sem nýtt fólk bættist í hóp fulltrúa. Jóna Símonía skjalavörður hélt fróðlegt erindi um Hólskirkju og Guðmundur Rafn um kirkjugarða á Vestfjörðum. Þá kynntu þeir norrænu ráðstefnuna fyrir starfsmenn kirkjugarða sem haldin verður á næsta ári.

Þórsteinn og Smári nefndu að viðhorf ráðuneytisins til gjaldamóðelsins hefði breyst frá síðasta fundi og er nú unnið að því að það taki gildi. Gert er ráð fyrir ríkisstjórnarfrumvarpi sem felur í sért breytingar á lögum um kirkjugarða og gengur í gildi 1. janúar 2005. Kirkjugarðaráð mun hafa það hlutverk að skipta fjármagninu niður milli kirkjugarðanna. Þrjú meginliðir gjaldamóðelsins verða: hirðing 80% (fastur kostnaður), grafartaka 18% vægi (breytilegur kostnaður), bálstofa 2% (fastur kostnaður).

Til að finna út hækkun á milli ára er búin til eins konar kirkjugarðsvísitala. Viðmiðunin er: Vægi launakostnaðar í útgjöldum (40%) og vægi annars rekstrar-kostnaðar (60%). Viðmiðunarárið er 2003. Málið endaði með því að ákveðið var að taka tillit til breytna í stað þess að setja fasta upphæð á fjárlög. Gert er ráð fyrir 700 milljónum fyrir 2005. Þórsteinn mun kynna þetta á Kirkjuþingi 17. október n.k.

## 3. Nýtt lagafrumvarp um tekjur kirkjugarða

Lagafrumvarpið ekki komið í prent. Gerðar eru breytingar á fimm greinum. M.a. er gert ráð fyrir að Fornleifavernd ríkisins komi inn með fulltrúa í stað þjóðminjavarðar.

#### 4. Málefni Saurbæjar á Rauðasandi

Guðmundur Rafn kynnti málefni kirkjugarðsins að Saurbæ á Rauðasandi.

#### 5. Ákvörðun um fundardaga og fundartíma í vetur

Fundur á mánudögum kl. 14:00

Næsti fundur 11. október

Síðan fundir annan mánudag hvers mánaðar kl. 14:00

Mánudaginn 8. nóvember

Mánudaginn 13. desember

Mánudaginn 10. janúar

Mánudaginn 14. febrúar

Mánudaginn 14. mars

Mánudaginn 11. apríl

Mánudaginn 9. maí

Mánudaginn 13. júní

Næsti fundur. Margrét býður á Þjóðminjasafnið og síðan yrði fundurinn haldinn hjá Fornleifavernd ríkisins.

#### 7. Önnur mál

Kristín spurðist fyrir um hvort nefndin teldi ástæðu til að fjalla um leyfisveitingar vegna fornleifauppgrftar í ungum kirkjugörðum. Þórsteinn taldi að ef um aflagðan kirkjugarð væri að ræða, þá væri öll ákvarðanataka varðandi hann á hendi Fornleifaverndar ríkisins. Það giltu aðrar reglur ef um kirkjugarð í notkun væri að ræða. Guðmundur Rafn kom með tillögu um að fjallað yrði um málið á næsta fundi og ræddum þá m.a. rætt um leyfisveitingar vegna fornleifarannsókna.

Lagt var fram bréf frá Hannesi Erni Blandon prófasti varðandi steiptan garð sem settur var niður í Saurbæjarkirkjugarði. Guðmundur Rafn hafði kynnt málið á síðasta fundi.

Fundi slitið kl. 13.30.

---

Ragnildur Benediktsdóttir,  
formaður

---

Kristín H. Sigurðardóttir, ritari